



EFNISYFIRLIT

Ávarp formanns og framkvæmdastjóra	4
Samstæðuársreikningur 2009	
- Skýrsla stjórnar	6
- Áritun óháðs endurskoðanda	7
- Rekstrarreikningur	8
- Efnahagsreikningur	9
- Sjóðstreymi ársins	10
- Skýringar	11

Hönnun: Stíll.

Prentun: Ásprent og Stell.

Ljósmyndir: Kristján Kristjánsson.



Ágætu félagsmenn,

Árið 2009 var ár óvissu og tafa. Óhætt er að segja að þjóðin hafi langt fram eftir ári verið í áfalli eftir fáheyrða atburði á haustmánuðum 2008. KEA er eins og þjóðin öll að reyna að átta sig á því hvað gerðist og hvernig þessir atburðir hafa áhrif á stefnu félagsins og framtíð. Mikill tími fór í endurreisn hinna föllnu kerfisbanka og undir lok ársins hyllti í niðurstöðu sem var á þann veg að kröfuhafar eignuðust tvo af þremur endurreistu bönkunum. Mikill skuldavandi steðjar að einstaklingum og einkageira sem mjög aðkallandi er að leysa. Raunverulegri viðspyrnu í hagkerfi okkar verður ekki náð fyrr en tekið hefur verið á þeim vanda.

Auðlegð Íslendinga er þrátt fyrir þetta áfall mjög mikil. Það eru fáar sjálfstæðar þjóðir sem búa yfir jafn miklum auðlindum. Við höfum fiskinn í sjónum, orkuauðlindir og hreint vatn. Við eigum fallegt land sem síaukinn fjöldi vill heimsækja. Allar þessar auðlindir deilast niður á aðeins rúmlega 300.000 einstaklinga. Í þessu felast tækifæri til endurreisnar.

Stjórn KEA gerði umtalsverða breytingu á stefnumörkun félagsins á vormánuðum 2008 eins og áður hefur verið kynnt. Sú stefnumótun var yfirfarin snemma árs 2009. Í meginatriðum var tekin sú ákvörðun að hætta hefðbundinni fjárfestingastarfsemi með kaupum og sölu eigna og fjárfesta þess í stað í fáum rekstrarfélögum sem yrðu hluti af samstæðureikningi félagsins. Það hefur einkum tvennt í för með sér. Annars vegar eykst áhætta í rekstri og efnahag þar sem fáar stórar fjárfestingar mynda efnahagsreikning félagsins. Þetta kallast kjarnafjárfestingar og eru fáar eignir sem félagið ætlar að eiga meirihluta í til langs tíma. Hins vegar mun rekstrar- og efnahagsreikningur KEA taka miklum breytingum þar sem ársreikningar keyþra félaga mynda samstæðureikning KEA. Þessu má að einhverju leyti líkja við ásjúnd KEA fyrir þær skipulagsbreytingar sem áttu sér stað á félaginu fyrir rúmum áratug síðan, þó ekki þannig að um jafn fjölþættan atvinnurekstur verði að ræða. Ekki verður ráðist í fjárfestingar sem endurvekja þá skuldastöðu sem félagið var eitt sinn í eða þá skuldastöðu sem fjárfestingar uppgangsranna hafa framkallað hjá alltof mörgum fyrirtækjum.

Vera kann að stjórn hafi sett sér of þröng viðmið hvað varðar þau einkenni sem fjárfestingar í samræmi við stefnumótunina þurfi að hafa og ekki ólíklegt að á þeim þurfi að slaka til að ná fram megin-sjónarmiðinu um kjarnastarfsemi. Það er rétt að halda áfram á þessari braut enda hafa ytri aðstæður verið með þeim hætti að félagið hefur ekki komist í þá stöðu að láta reyna á stefnumótun sína. Við bindum hins vegar vonir við það að á næstu mánuðum og misserum breytist aðstæður þannig að félagið verði í þeirri stöðu að láta á hana reyna. En ákvörðunin er stór og um leið ákaflega mikilvæg þannig að eftir sem áður er mikilvægt að vanda vel til verka og undirbyggja allar fjárfestingaákvæðanir mjög vel.

Versti óvinur fjárfesta er óvissa og því miður er enn of mikil óvissa um of marga þætti til þess að fjárfestar vilji hreyfa sitt fjármagn enda ekki borist miklar fregnir af fjárfestingum frá falli bankakerfisins. Starfsemi KEA hefur eðlilega litast af þessu ástandi og ekki verið mikið um hreyfingar á eignum í efnahag félagsins. Verkefni hafa fyrst og fremst snúð að því að hlúa að þeim eignum og fyrirtækjum sem KEA á eignarhluti í sem og að leita nýrra fjárfestingavalkosta sem mæta stefnu félagsins.

Afkoma félagsins tekur meðal annars mið af þessu ástandi. Félagið lét áhættudreifingarsjónarmið ráða ávöxtun lausafjár félagsins fremur en að sækjast eingöngu eftir hagstæðustu viðskiptakjörunum. Niðurstaða rekstrarreiknings sýnir að niðurfærsla eigna ársins á undan reyndist raunhæf. Vert er þó að halda því til haga að enn ríkir mikil óvissa um mat eigna og forsendur eignamats geta breyst fyrirvaralítið. Rekstrarkostnaður félagsins er eins og áður í hófi og vart raunhæft að reka félagið með minni umsvifum eigi að þjónusta félagsmenn með KEA kortinu og tryggja að rekstur núverandi fjárfestinga og undirbúningur stórra fjárfestingarákvæðana sé vandaður.

Eftir stendur að félagið er rekið með hagnaði, efnahagur þess er sterkur og félagið hefur burði til fjárfestinga í samræmi við stefnumótun þess. En eins og áður ofmetnumst við ekki, erum með báða fætur á jörðinni og höldum okkur við þau grundvallarsjónarmið sem ráðið hafa mestu hin síðari ár í starfi félagsins.

Áfram er mikil fjölgun félagsmanna og á síðasta ári gengu rúmlega 1.000 nýir félagsmenn í KEA en það er um 7% aukning. Heildarfjöldi félagsmanna var um síðastu áramót um 16.500 og lætur nærri að helmingur íbúa á félagssvæðinu séu félagsmenn í KEA. Góður rómur er áfram gerður að KEA kortinu og þeim fjölgar sem nýta sér kortið reglulega. Í nýlegri skoðanakönnun Capacent kemur fram að mikil jákvæðni ríkir í garð félagsins en aðeins 3% aðspurða eru neikvæðir gagnvart félaginu. Þessi niðurstaða er mikil hvatning fyrir félagið um að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið.

Það er vissulega krefjandi verk að ná fram markmiðum og stefnu félagsins við þessar aðstæður. Það er margt að varast en um leið ætti núverandi ástand að geta fært félaginu tækifæri til vaxtar og farsældar.

SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGUR 2009
KEA svf.


Halldór Jóhannsson
framkvæmdastjóri


Hannes Karlsson
stjórnarformaður



SKÝRSLA STJÓRNAR

Starfsemin á árinu

Rekstur félagsins var með svipuðu móti í ár og síðastliðið ár. Hagnaður KEA á árinu 2009 nam 276 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 4,3 milljörðum króna í árslok, bókfært eigið fé var 4,1 milljarðar króna og eiginfjárlutfall félagsins 96,5%.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi ráðstöfun á hagnaði ársins.

Eignaraðild

Í lok ársins voru félagsmenn í KEA svf. 16.525 talsins en voru 15.478 í upphafi árs.

Stjórn KEA svf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2009 með áritun sinni.

Akureyri, 20. apríl 2010

Í stjórn:

Hannes Karlsson
formaður

Björn Friðbjólfsson
varaformaður

Jóhannes Ævar Jónsson
ritari

Birgir Guðmundsson
meðstjórnandi

Hallur Gunnarsson
meðstjórnandi

Njáll Trausti Friðbertsson
meðstjórnandi

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir
meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri:

Haldór Jóhannsson

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og félagsmanna KEA svf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning KEA svf. fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reikningskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum síðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2009, efnahag 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög og settar reikningskilareglur.

Akureyri, 20. apríl 2010
PricewaterhouseCoopers hf.

Davíð Búi Halldórsson
löggitur endurskoðandi



REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2009

	Skýr.	2009	2008
Rekstrartekjur			
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur		332.823.511	593.912.409
Vaxtagjöld og önnur fjármagnsgjöld		(16.782.332)	(60.183.439)
Gangvirðisbreyting fjáreigna		116.527.497	(2.132.761.436)
		<u>432.568.676</u>	<u>(1.599.032.466)</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	4	55.923.612	55.988.421
Annar rekstrarkostnaður		40.769.926	53.923.010
		<u>96.693.538</u>	<u>109.911.431</u>
Hagnaður (tap) af fjármálastarfsemi			
		335.875.138	(1.708.943.897)
Veittir styrkir		(35.985.923)	(45.783.200)
Hagnaður (tap) fyrir skatta			
		299.889.215	(1.754.727.097)
Tekjuskattur	5,12	(23.881.907)	159.405.138
Hagnaður (tap) ársins			
		<u>276.007.308</u>	<u>(1.595.321.959)</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2009

Eignir	Skýr.	2009	2008
Markaðsverðbréf	7	923.767.755	164.860.297
Fjárfestingaverðbréf	8	989.626.831	964.426.888
Skuldabréf og aðrar kröfur	9	493.365.645	375.453.755
Tekjuskattsinneign	12	142.822.278	116.679.270
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	7.676.966	9.966.566
Aðrar eignir		429.735.008	441.296.699
Handbært fé		1.268.229.286	2.143.830.411
		<u>4.255.223.769</u>	<u>4.216.513.886</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
	10		
Stofnsjóður félagsmanna		8.262.500	7.740.000
Lögbundinn varasjóður		2.065.625	1.789.500
Óráðstafað eigið fé		4.094.839.912	3.819.108.729
		<u>4.105.168.037</u>	<u>3.828.638.229</u>
Skuldir og skuldbindingar			
Lántaka	11	46.888.986	265.001.436
Aðrar skuldir		103.166.746	122.874.221
		<u>150.055.732</u>	<u>387.875.657</u>
Eigið fé og skuldir			
		<u>4.255.223.769</u>	<u>4.216.513.886</u>



SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2009

	Skýr.	2009	2008
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður (tap) ársins		276.007.308	(1.595.321.959)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Verðbætur og gangvirðisbreytingar eigna og skulda		(167.759.019)	1.958.964.713
Aðrir liðir		(23.853.408)	(219.141.207)
		<u>84.394.881</u>	<u>144.501.547</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Skammtímakröfur og aðrar eignir		11.561.691	(20.481.418)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir og aðrar skuldir		(19.707.475)	3.057.077
		<u>(8.145.784)</u>	<u>(17.424.341)</u>
		<u>76.249.097</u>	<u>127.077.206</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð markaðsverðbréfa		(1.408.483.838)	(4.208.037.170)
Söluverð markaðsverðbréfa		671.183.300	6.888.018.844
Kaupverð fjárfestingaverðbréfa		(14.000.000)	(60.193.830)
Söluverð fjárfestingaverðbréfa		0	12.496.726
Kaupverð skuldabréfa og krafna		(217.960.091)	(1.079.701.782)
Afborganir skuldabréfa og krafna		245.492.797	347.634.001
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	(8.383.600)
		<u>(723.767.832)</u>	<u>1.891.833.189</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Stofnsjóður félagsmanna	10	522.500	582.000
Nýjar langtímaskuldir		0	152.543.000
Afborganir langtímaskulda		(228.604.890)	(38.984.204)
		<u>(228.082.390)</u>	<u>114.140.796</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
		(875.601.125)	2.133.051.191
Handbært fé í byrjun árs		2.143.830.411	10.779.220
Handbært fé í árslok		<u>1.268.229.286</u>	<u>2.143.830.411</u>
Aðrar upplýsingar			
Greiddir vextir		(6.936.083)	(16.552.338)
Greiddir skattar		(60.046.800)	(53.348.526)
Innborgaðar vaxtatekjur		278.704.506	356.781.132

SKÝRINGAR

1. Starfsemi

KEA er samvinnufélag og starfar á grundvelli laga nr. 22/1991 um samvinnufélög.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo slíkt mat sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreiknings dótturfélagsins KEA eigna ehf.

Ársreikningurinn er saminn í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Þar sem hlutdeild minnihluta nemur óverulegum fjárhæðum er hún ekki sýnd sérstaklega í ársreikningnum.

Við kaup á dótturfélögum eru eignir og skuldir þeirra metnar til gangverðs á kaupdegi. Sé kaupverð hærra en hrein eign eftir slíkt mat er mismunurinn færður sem viðskiptavild. Rekstrarniðurstaða keyþra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Innlausn tekna

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Gangvirðisbreytingar á markaðs- og fjárfestingaverðbréfum eru færðar í gegnum rekstrarreikning.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

**2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir (frh)****Tekjuskattur**

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Innréttingar og húsgögn	5-10 ár
Bifreið	5 ár

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Fjármálagerningar

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem ætlun er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem þær falla til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum. Ef markaðurinn fyrir fjárfestingaverðbréf er ekki virkur ákvarðar félagið gangvirði með því að nota sérstakar matsaðferðir. Meðal þeirra er notkun nýlegra viðskipta ótengdra aðila, tilvísun til annarra gerninga sem eru efnislega þeir sömu eða viðurkenndum matslíkönum. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirði með áreiðanlegum hætti þá eru fjárfestingaverðbréf færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Eignarhlutir í hlutdeildar- og dótturfélögum eru færðir meðal fjárfestingaverðbréfa. Þeir eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu en ekki samkvæmt hlutdeildaraðferð og eru ekki innfaldir í samstæðunni þar sem starfsemi þessara félaga er mjög ólík starfsemi móðurfélagsins. Eina undantekningin frá þessu er dótturfélagið KEA eignir ehf. sem er 100% í eigu KEA svf. KEA eignir ehf. er eignarhaldsfélag eins og móðurfélagið og er það innifalið í ársreikningi samstæðunnar.

Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2010. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir (frh.)**Handbært fé**

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnistæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

Tekjuskattsineign

Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattalegu tapi ársins og kemur til frádráttar á næstu reikningsárum, færast til eignar í efnahagsreikningi sem tekjuskattsineign. Mismunur þessi stafar af því að skattalegt tap samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur heldur en tap fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi, og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í ársreikningi en skattauppgjöri.

Reiknuð tekjuskattsineign, vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar og yfirfærðs ónýtt skattalegs taps, er færð í samræmi við settar reikningsskilareglur og að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni nýtast á móti henni. Frádráttarbær tímabundinn mismunur stafar af því að bókfært verð eigna er lægra en skattalegt verð þeirra, en mismunurinn verður frádráttarbær síðar við ákvörðun skattalegrar afkomu.

Reiknuð tekjuskattsineign er metin við því tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar á henni kemur.

Lántaka

Lántaka er færð á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok ársins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna lántöku eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

Arður

Arður er færður í ársreikning þegar aðalfundur/hluthafafundur hefur samþykkt að greiða arðinn út.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

3. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi félagsins hefur í för með sér margvíslega áhættu, s.s. áhrif breytinga á gengi hlutabréfa, breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun félagsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.



SKÝRINGAR

4. Launamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2009	2008
Laun	36.897.300	36.474.890
Launatengd gjöld	11.812.349	12.198.300
Laun og launatengd gjöld stjórnar	7.213.963	7.315.231
	<u>55.923.612</u>	<u>55.988.421</u>

Meðalfjöldi starfa 4 4

Laun og þóknanir til stjórnar og stjórnenda námu 21,3 millj. króna á árinu og greinast þannig:

Haldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri	15.060.000
Hannes Karlsson, formaður stjórnar	1.344.000
Björn Friðbjósson, varaformaður stjórnar	1.008.000
Jóhannes Ævar Jónsson, ritari	672.000
Erla Björg Guðmundsdóttir, meðstjórnandi	672.000
Hallur Gunnarsson, meðstjórnandi	672.000
Njáll Trausti Friðbertsson, meðstjórnandi	672.000
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, meðstjórnandi	672.000
Ásgeir Helgi Jóhannsson, varamaður	189.000
Birgir Guðmundsson, varamaður	216.000
Guðný Sverrisdóttir, varamaður	144.000
	<u>21.321.000</u>

Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris-, eftirlaunagreiðslur eða kaupauka.

5. Skattar ársins

Reiknaður tekjuskattur samstæðunnar af hagnaði fyrir skatta (virkur tekjuskattur) er frábrugðinn þeirri fjárhæð sem kæmi út ef tekjuskattshlutfall er notað til útreikningsins sem hér greinir:

	2009	2008
Hagnaður (tap) fyrir skatta	299.889.215	(1.754.727.097)
Skatthlutfall, 15%	44.983.382	(263.209.065)
Áhrif vegna breytinga á skattalögum	(23.803.713)	(105.236.419)
Ófrádráttarþæmir styrkir	4.896.741	6.867.480
Aðrir liðir	(2.194.502)	202.172.866
	<u>23.881.907</u>	<u>(159.405.138)</u>

SKÝRINGAR

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Bifreið	Innréttingar og húsgögn	Samtals
Bókfært verð 1/1	7.150.000	2.816.566	9.966.566
Afskrifað á árinu	(1.560.000)	(729.600)	(2.289.600)
Bókfært verð 31/12	<u>5.590.000</u>	<u>2.086.966</u>	<u>7.676.966</u>

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna eru færðar meðal annars rekstrarkostnaðar.

7. Markaðsverðbréf

Skráð markaðsverðbréf greinast þannig:

	Nafnverð	Markaðsverð
Bakkavör Group hf	359.245	905.297
Exista hf	783.646	31.346
Skráð hlutabréf samtals		<u>936.643</u>
Ríkistryggð skuldabréf		<u>922.831.112</u>
Skráð markaðsverðbréf samtals		<u>923.767.755</u>

8. Fjárfestingaverðbréf

Eignarhlutir í fjárfestingaverðbréfum greinast þannig:

	Eignarhluti	Nafnverð
AEK hf	100,00%	4.000.000
Ásprent - Stíll ehf	59,06%	78.550.000
City Center Properties	10,00%	118.387.495
Eignarhaldsfélagið Flúðir ehf	33,33%	25.000.000
Fasteignafélagið Klappir ehf	100,00%	500.000
Ferro Zink hf	44,00%	2.875.136
Fjárfestingafélagið Urðir ehf	100,00%	8.086.594
Grand hótél Mývatn ehf	1,55%	1.000.000
Greið leið ehf	29,20%	22.675.730
Grófargil ehf	30,00%	150.000
H98 ehf	50,00%	22.750.000
Hraun í Öxnadal ehf	16,67%	2.000.000
Hreinsitækni ehf	22,91%	1.000.000
Kælismiðjan Frost ehf	20,75%	415.000
Norðurvegur ehf	27,00%	5.000.000
Norlandair ehf	14,80%	20.000.000
Orkuvörður ehf	9,10%	2.000.000
Saga Capital hf	9,40%	913.043.487
Slippurinn Akureyri ehf	10,00%	5.000.000
Sparisjóður Höfðhverfinga	9,97%	8.506.330
Sýni ehf	1,77%	545.455
Tækifæri hf	33,44%	255.606.225
Útgáfufélagið ehf	71,00%	355.000
Þekkingarvörður ehf	17,86%	6.237.141
Þekking - Tristan hf	50,00%	76.763.820



9. Skuldabréf og aðrar kröfur

Afborganir af skuldabréfum og öðrum kröfum greinast þannig á næstu ár:

Árið 2010	288.046.595
Árið 2011	36.895.516
Árið 2012	35.086.313
Árið 2013	32.997.195
Árið 2014	30.008.232
Síðar	70.331.795
	<u>493.365.645</u>

10. Eigið fé

	Stofnsjóður félagsmana	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Staða 1/1	7.740.000	1.789.500	3.819.108.729	3.828.638.229
Innborgað í stofnsjóð	522.500			522.500
Hagnaður ársins			276.007.308	276.007.308
Tillag í lögbundinn varasjóð		276.125	(276.125)	0
Staða 31/12	<u>8.262.500</u>	<u>2.065.625</u>	<u>4.094.839.912</u>	<u>4.105.168.037</u>

11. Lántaka

Skuldir í íslenskum krónum:

Verðtryggðar skuldir, vextir 4,0%	46.888.986
---	------------

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok 2009 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2010	46.888.986
-----------------	------------

12. Tekjuskattsinneign

Staða 1/1	116.679.270
Reiknaður tekjuskattur	(23.881.907)
Tekjuskattur til greiðslu	<u>50.024.915</u>
Staða 31/12	<u>142.822.278</u>

Tekjuskattsinneign greinist þannig á eftirfarandi liði:

Varanlegir rekstrarfjármunir	(189.832)
Skuldabréf og aðrar kröfur	189.876.541
Gengismunur	<u>(46.864.431)</u>
	<u>142.822.278</u>

13. Ábyrgðir og önnur mál

Ábyrgðir utan efnahagsreiknings nema um 152,7 milljónum króna og eru sjálfskuldarábyrgðir sem félagið hefur veitt.

